

Örugg matvæli – allra hagur!

Fullyrðingar á matvælum

Andoxunarefni vernda frumur og sameindir líkamans fyrir oxunarskemmdum“, „laukur hjálpar til við að halda blóðsykri í jafnvægi“, „Lactobacillus styður náttúrulegar varnir líkamans“, „grænt te verndar fyrir oxunarskemmdum, tannskemmdum og háum blóðþrýstingi“. Allt eru þetta dæmi um fullyrðingar sem Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) leggur til að bannaðar verði við kynningu matvæla samkvæmt nýrri reglugerð.

Almennt gildir að sérhver fullyrðing sem notuð er við auglýsingu, kynningu eða aðra markaðssetningu matvæla skuli vera skýr, nákvæm og byggjast á vísindalega viðurkenndum heimildum og mega fullyrðingar ekki vera rangar, tvíræðar eða villandi. Ýmsar fullyrðingar eru notaðar hér á landi sem fram að þessu hafa verið heimilaðar samkvæmt núgildandi reglugerð og með leyfi Matvælastofnunar.

Fyrstu samræmdu reglurnar

Ný reglugerð um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli tók gildi í Evrópusambandinu (ESB) 1. júlí 2007 og þar með voru settar fyrstu samræmdu reglurnar um notkun fullyrðinga í aðildarlöndunum. Reglugerðin er sett til að tryggja frjálst flæði vöru innan ESB með því að koma í veg fyrir að fullyrðing sé leyfð í einu landi en bönnuð í öðru. Þessi reglugerð mun senn taka gildi á Íslandi og á sama tíma fellur úr gildi IV. kafli reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

Með gildistöku nýju reglugerðarinnar falla áður útgefin leyfi úr gildi og ekki verður heimilt að nota fullyrðingar nema þær uppfylli þau skilyrði sem sett eru í nýju reglugerð-

inni. Til að tryggja samræmt, vísindalegt mat á fullyrðingunum mun EFSA meta þær en framkvæmdastjórn ESB tekur endanlega ákvörðun um hvort leyfa eigi notkun þeirra eða ekki. EFSA hefur nú þegar lagt til að hafna skuli notkun fjölmargra fullyrðinga sem víða finnast á umbúðamerkingum í dag.

Opinn fræðslufundur

Matvælastofnun heldur opinn fræðslufund um fullyrðingar á matvælum í dag, þriðjudaginn 23. mars, kl. 15.00-16.00 þar sem fjallað verður um breytingar á reglum um notkun fullyrðinga og þau skilyrði sem munu gilda um notkun þeirra, ásamt dæmum um bannaðar fullyrðingar. Fræðslufundurinn verður haldinn í umdæmisskrifstofu MAST í Reykjavík, Stórhöfða 23.

Sjá www.mast.is.

Helga M. Pálsdóttir, matvælafræðingur hjá Matvælastofnun

Hollusta Að borða hollan mat gerir bæði börnum og fullorðnum gott.

